



29. apríl 2017

Alþingi, nefndarsvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands um frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. þingskjal 505-376. mál.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur undir höndum umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og lokadrög að umsögn Sambands Sveitarfélaga um sama mál. Í hvívetna er tekið undir umsagnir þessara aðila um frumvarpið enda er í þeirra umsögnum fjallað um nánast allt það sem HAUST hefði ella gert aths. við.

Þó er ástæða til að ítreka áhyggjur af fyrirsjáanlega auknu flækjustigi og kostnaði fyrir rekstaraðila. Þetta á einkum við aðila í samsettum rekstri, þ.e. rekstur sem fellur undir lög 7/1998 m.s.br. og annaðhvort hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 eða reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og matvælaeignir nr 93/1995.

### Sem dæmi má taka rekstur hótels í dreifbýli.

- Nú gefur HAUST út eitt kaflaskipt starfsleyfi fyrir vatnsveitu, veitingastað, gististað og sauna auk þess sem fjallað er um fráveitu og önnur umhverfismál í leyfisbréfinu. Kostnaður rekstaraðila er starfsleyfisgjald kr. 20 þús og eitt eftirlitsgjald skv. gjaldskrá HAUST.
- Ef verður af breytingunni
  - gefur HAUST út starfsleyfi fyrir vatnsveitu og veitingaeldhús skv. matvælaeignir nr. 93/1995. Kostnaður: 20 þús + eftirlitsgjald skv. gjaldskrá HAUST.
  - skráir UST rekstur fyrir veitingasal og snyrtingar, gististað og sauna skv. hollustuháttalögum.
  - Kostnaður: skráningargjald til UST skv. gjaldskrá stofnunarinnar auk eftirlitsgjalds skv. gjaldskrá HAUST þegar eftirlit hefur farið fram í kjölfar skráningar

Kostnaður eykst um skráningargjald UST og í stað þess að sækja um á einum stað þarf að sækja um til eins aðila og tilkynna sig til annars. Samskipti verður að hafa við tvær stofnanir í stað einnar.

Eindregið er mælt með að innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði verði sett í sér lög og að öðrum breytingum á lögum nr. 7/1998 m.s.br. verði frestað þar til heildstæð skoðun á fyrirkomu leyfisveitinga og eftirlits sem nú eru á hendi UST, MAST og HES hefur farið fram og stefna mörkuð til framtíðar.

Virðingarfyllt, f.h.  
Heilbrigðisnefndar Austurlands

Helga Hreinsdóttir  
frkvstj. HAUST